

Reykjavík, 18. nóvember 2020

SFS2019110023

197. fundur

HG/geb/áb

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs


Efni: Niðurstöður stærðfræðiskimunar í 3. bekk 2019

Í nóvember 2019 var skimunarprófið *Talnalykill* lagt fyrir nemendur í 33 grunnskólum af þeim 36 í Reykjavík sem hafa 3. bekk. Um 89% nemenda í 3. bekk í Reykjavík tóku þátt í stærðfræðiskimuninni að þessu sinni og er hlutfallið það lægsta í sjö ár. Markmið skimunarinnar er að finna þá nemendur sem eru líklegir til að lenda í vanda í stærðfræðinámi og bregðast fljótt við með einstaklingsáætlun og/eða sérstökum stuðningi.

Um 67% nemenda náðu settu viðmiði í þrepi I og eru því ólíklegir til að þurfa á sérstökum stuðningi í stærðfræði að halda. Hlutfallið er það sama og árið 2018. Hlutföll þeirra sem eingöngu fara í gegnum þrep I árin 2019 og 2018 eru þau lægstu frá árinu 2008. Um 21% nemenda náðu settu viðmiði í þrepi II og teljast því ekki heldur í mikilli áhættu hvað varðar námsörðugleika í stærðfræði. Um 12% nemenda fóru í gegnum öll þrjú þrepin sem er líka jafnstór hópur og þessi þurfti árið 2018. Hlutföll þeirra sem fóru í gegnum öll þrepin þrjú er þau hæstu árin 2019 og 2018 síðan árið 2011. Um 72% þeirra sem fóru í þrep III telst þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Þessi hópur jafngildir 8,5% af öllum nemendahópnum sem tók þátt í skimuninni. Hlutfallið nú er það hæsta í 10 ár. Tæp 92% nemenda í 3. bekk haustið 2019 teljast samkvæmt þessu ólíkleg til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði.

Suðurlíðarskóli og Waldorfskólinn Sólstafir lítið tekið þátt í Talnalyklinum og eru ekki með árið 2019. Aðrir skólar hafa hinsvegar sent inn niðurstöður með fáum undantekningum. Þriðji skólinn sem ekki tók þátt árið 2019 er hinsvegar Melaskóli sem allt hefur tekið þátt fyrir utan eitt skipti á tímabilinu 2010-2018. Á þeim tíma hefur skólinn verið með hvað bestu niðurstöðu í Talnalykli samanborið við aðra skóla, sérstaklega hvað varðar fjölda nemenda sem klára eftir þrep 1 en einnig hvað varðar fjölda nemenda sem þurfa á stuðningi að halda. Þá er skólinn öll árin með einn mesta nemendafjölda í skimuninni. Það má því vænta þess að fjarvera skólans í Talnalykli 2019 hafi haft þau áhrif á niðurstöður fyrir borgina í heild að þær hafi verið lakari. Sé árið 2018 skoðað og niðurstöður Melaskóla teknar þar út til að bera saman við árið 2019, kemur í ljós að tveimur prósentustigum færri hefðu það ár klárað eftir þrep 1 (65%), einu prósentstigi fleiri myndu klára eftir þrep II (22%), einu prósentstigi fleiri myndu klára eftir þrep III (5%) en jafnmörg prósent myndu líklega þurfa á stuðningi að halda (8%).

Á meðfylgjandi mynd sjá hversu hátt hlutfall nemenda fóru í gegnum hvert þrep og hversu hátt hlutfall þeirra er líklegt til að þurfa sérstakan stuðning í stærðfræði.



Hlutfall drengja sem þarf líklega á sérstökum stuðningi að halda er 6,8% og hlutfall stúlkna er 10,2%. Mismunandi er eftir skólum hve margir nemenda eru líklegir til að þurfa á sérstökum stuðningi í stærðfræði að halda, allt frá engum nemanda upp í 25%.

Þess má geta að vaxandi óánægja hefur verið meðal kennara og annarra sérfræðinga um stærðfræðináms og kennslu með Talnalykilinn sem stærðfræðiskimun. Mælitækið er barn síns tíma líkt og lesskimunin í 2. bekk sem nú hefur verið hætt. Talnalykilinn hefur verið gagnrýndur fyrir það að vera hvorki í samræmi við áherslu og hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla né það námsefni sem nú er í boði og nýtt fyrir stærðfræðikennslu. Að auki er skimunin tímafrek í framkvæmd, sérstaklega í þeim tilvikum þar sem margir nemendur þurfa að fara í gegnum öll þrjú þrepin og stór hluti þrepa II og III er lagður fyrir einstaklingslega.

Starfsfólk á grunnskólaskrifstofu hefur í hyggju að taka rýnivíðtöl við stærðfræðikennara á vettvangi og sérfræðinga á sviði stærðfræðináms og -kennslu við Menntasvísindasvið HÍ þar sem Talnalykillinn og tilgangur hans verður sérstaklega ræddur og rýndur. Þá yrði einnig rätt með hvaða hætti niðurstöður hafa verið nýttar til að bæta námsárangur nemenda í stærðfræði.